

Ár 2013, fimmtudaginn 11. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Veðurstofu Íslands

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Veðurstofa Íslands er ríkisstofnun, sbr. lög nr. 70/2008. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra Veðurstofu Íslands laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 10. ágúst 2012 frá forstjóra Veðurstofu Íslands þar sem hann óskar eftir endurskoðun launakjara. Segir í bréfinu að innlend og erlend ábyrgð Veðurstofu Íslands hafi aukist umtalsvert frá því forstjóra hennar hafi síðast verið ákveðin laun. Einnig hafi umfang og flækjustig verkefna Veðurstofu Íslands aukist til muna. Eldgosin í Eyjafjallajökli á árinu 2010 og í Grímsvötnum á árinu 2011 hafi leitt til aukningar á þjónustu og ábyrgðar Veðurstofu Íslands langt umfram það sem áður hafði verið auk þess að valda mjög miklu álagi allt frá upphafi eldgosanna vorið 2010 til loka árs 2011. Í ársbyrjun 2011 hafi Veðurstofan verið útnefnd og samþykkt af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) sem „State Volcano Observatory“ (SVO). Þetta nýja hlutverk auki umtalsvert ábyrgð Veðurstofu Íslands fyrir alþjóðaflugið í tengslum við þjónustu vegna eldgosna og eldgosaoösku og feli í sér að vakta öll virk íslensk eldfjöll og eldfjöll á Jan Mayen auk þess að veita upplýsingar um þessi eldfjöll til Volcanic Ash Advisory Center í London sem noti þær til þess að gera spár um öskudreifingu fyrir alþjóðaflug. Verkefnið krefjist þátttöku og frumkvæðis Veðurstofunnar í alþjóðlegu samráði og hafi jafnframt leitt til fjárfestinga í eftirlitskerfum með eldgosum og eldgosaoösku hér á landi. Verkefnið hafi einnig leitt til fjölgunar starfsmanna til að annast rekstur eftirlitskerfisins. Einnig hafi verið ákveðið að fram fari kerfisbundið áhættumat á íslenskum eldfjöllum. Verkefnið verði fjármagnað að helmingi af ICAO og að helmingi af Ofanflóðasjóði og innlendum hagsmunaaðilum. Ábyrgð á framkvæmd verkefnisins verði hjá Veðurstofunni en það verði unnið í samvinnu við innlenda og erlenda aðila. Þá er greint frá viðamiklu verkefni sem varði uppsetningu á heildstæðu kerfi til vöktunar á eldfjöllum og áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag, en Veðurstofan ásamt Jarðfræðistofnun Íslands hafi fengið styrk til verkefnisins frá 7. rammaáætlun Evrópusambandsins (ESB). Að endingu er gerð grein fyrir nýjum lögum um stjórn vatnamála og innleiðingu flóðatilskipunar ESB sem muni auka umfang vatnafræðilegra verkefna Veðurstofu Íslands. Sem dæmi hafi Veðurstofunni verið falið mikilvægt ábyrgðarhlutverk er varði varðveislu og aðgengi að vatnafræðilegum gögnum á landsvísu.

Með bréfum dagsettum 23. ágúst 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Veðurstofu Íslands, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 6. september 2012. Í bréfinu er ekki tekin efnisleg afstaða til erindis forstjórans en fram kemur að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Veðurstofu Íslands hafi breyst frá því síðast hafi verið úrskurðað um launakjör forstjórans með úrskurði dagsettum 7. október 2008, að öðru leyti en því sem rakið sé í bréfi hans til kjararáðs. Í svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dagsettu 8. október 2012 er tekið undir erindi forstjórans. Segir í bréfinu að á meðan á

eldgosunum í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum stóð hafi álag á forstjóra Veðurstofunnar verið umtalsvert meira en í hefðbundnu ástandi í þjóðfélaginu. Í framhaldi af þeim atburðum hafi starfsemi stofnunarinnar tekið umtalsverðum breytingum og verkefni hennar aukist í tengslum við forvarnarstarf vegna náttúruvár. Ennfremur hafi ný löggjöf á sviði vatnamála aukið umsvif stofnunarinnar. Í bréfinu er vakin athygli á því að Veðurstofan sinni mikilvægu öryggishlutverki varðandi náttúruvá. Þá segir að verkefni stofnunarinnar og álag á forstjóra hennar hafi aukist með tilkomu nýrra laga, sbr. lög nr. 22/2012, sem og annarra verkefna sem rakin séu í bréfi forstjórans. Leggur ráðuneytið áherslu á það sjónarmið að störf forstjóra stofnana þess séu metin eftir ábyrgð, umfangi og verkefnum stofnananna.

Með bréfi dagsettu 10. október 2012 fékk forstjóri Veðurstofu Íslands send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Forstjórinn svaraði með tölvupósti dagsettum 20. október 2012 og hafði ekki athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

III.

Veðurstofa Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands og lögum nr. 142/2004 um veðurþjónustu. Um verkefni Veðurstofunnar er einnig fjallað í lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem síðast var breytt með lögum nr. 22/2012. Þá er fjallað um verkefni Veðurstofunnar í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Samkvæmt 2. gr. laga um Veðurstofu Íslands er forstjóri stofnunarinnar skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Hann ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Veðurstofu Íslands gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar. Forstjóri Veðurstofunnar situr í almannavarna- og öryggismálaráði, sbr. 4. gr. laga nr. 82/1982 um almannavarnir.

Verkefni Veðurstofu Íslands eru talin upp í 17 töluliðum í 3. gr. laga um Veðurstofu Íslands. Þau eru helst að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða; að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu; að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, vötnum og á grunnvatni; að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap; að annast mælingar á jarðhræringum og safna upplýsingum um eldgos; að gera athuganir á mengun í lofti, úrkomu og vatni; að kortleggja veðurfar, jarðhræringar, stöðuvötn, vatnsfarvegi og ísalög; að vinna hættumat vagna náttúruhamfara, vinna að rannsóknnum og annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna; að sinna alþjóðlegum samskiptum, vera stjórnvöldum til ráðgjafar og sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki

þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Veðurstofu Íslands laun 7. október 2008. Frá þeim tíma hafa laun forstjórans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Aukið umfang starfsemi Veðurstofu Íslands sem og aukin verkefni gefa tilefni til breytinga á launakjörum forstjóra stofnunarinnar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Veðurstofu Íslands skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Veðurstofu Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú krónur 790.521. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú krónur 6.918.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Veðurstofu Íslands gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson